

Erindi íbúa í hverfinu dags. 6. nóvember 2020 til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um gatnamót Lönguhlíðar og Flókagötu.

Sæl Margrét, ég setti status í FB hópinn Samtök um bíllausan lífsstíl í gær í kjölfar svars sem ég fékk frá Reykjavíkurborg um hættuna sem getur myndast fyrir hjólandi og gangandi á gatnamótum Flókagötu og Lönguhlíðar. Þú svaraðir þeim pósti og baðst mig um að senda þér línu, kærar þakkir fyrir það.

Ég sendi þessa ábendingu á vef Reykjavíkurborgar þann 25. október:

Gott kvöld, í dag var næstum keyrt yfir konu mína og son okkar þriggja ára þegar þau gengu yfir gatnamót Flókagötu og Lönguhlíðar. Réttara er að segja að tveir bílar hafi nær keyrt yfir þau; fyrri bíllinn tók beygjuna þó að þau væru á miðri götu og keyrði nær fyrir tærnar á þeim. Síðari kom beint á eftir og hefði keyrt á þau hefði honum ekki tekist að snarhema fyrir framan þau.

Það væri óskandi ef þetta væri tilfallandi og einangrað tilfelli en raunin er sú að um síðustu helgi gerðist þetta líka. Við vorum þá á heimleið eftir leik á Klambratúni þegar ungur ökumaður þurfti að sveigja frá þeim svo hann keyrði ekki á þau. Af þessu varð ég vitni og vorum við fjölskyldan vægast sagt í miklu áfalli enda munaði ekki meira en örfáum sentímetrum að hann hefði keyrt á þau á fullri ferð.

Í bæði skiptin var kona mín að styðja við þriggja ára sonur okkur sem var á reiðhjólínu sínu og voru þau því sérstaklega varnarlaus gagnvart svona glæfraakstri. Ég vil að Reykjavíkurborg setji upp öruggari gatnamót þarna þar sem gangandi og hjólandi eru í forgangi þegar grænt ljós blasir við öikumönnum sem ætla sér að beygja inn á Lönguhlíðina.

Það er lífssnauðsynlegt að gera þarna breytingar STRAX áður en fólk slasast!

Ég fékk svar þremur dögum síðar þar sem ég var beðinn um nánari lýsingu á því hvar á gatnamótunum atvikin áttu sér stað. Ég sendi þá þetta:

Góðan dag, með þessum pósti fylgi ég eftir svári ykkar við ábendingu nr. 40135. Þið óskuðuð eftir nákvæmari lýsingu á því hvaðan bílarnir hafi beygt. Í þeim tilfellum sem vísað er til beygðu bílarnir af Flókagötu en úr báðum áttum, úr vestri og austri. Konu mín og barn gengu yfir Lönguhlíð frá Klambratúni og í átt að heimili okkar að Flókagötu 60.

Mér finnst í raun ekki skipta öllu máli úr hvaða áttum bílarnir komu enda eru aðstæður jafn hætturlegar hvernig sem litið er á það. Ansi margir fara yfir þessi gatnamót, bæði akandi og gangandi eða hjólandi, og er nauðsynlegt að búa um hnútana þannig að þeir sem kjósa að hjóla eða ganga þarna um séu alltaf í rétti og þurfi ekki að vera stöðugt á varðbergi þegar gengið er yfir götuna. Vandinn liggur auðvitað í því að á sama tíma og grænt gönguljós blasir við þeim sem fara yfir Lönguhlíð birtist gænt ljós hjá þeim öikumönnum sem beygja inn á Lönguhlíð af Flókagötu.

Takk.

Ég fékk svo niðurstöðu senda í gær:

Sæll aftur Þorsteinn,

Takk kærlega fyrir að gefa þér tíma til að lýsa betur aðstæðum.

Umferðarlög eru mjög skýr um rétt gangandi og hjólandi til að þvera götur og vegi þegar öikumenn beygja á vegamótum, sjá hluta af greinum 26. og 27. umferðarlaga (nr. 77/2019). Þessar, eða sambærilegar aðstæður eru því að finna víðsvegar um borgina, en þó eru gerðar kröfur um magn umferðar á gatnamótum; þ.e. ef fjöldi gangandi og/eða fjöldi ökutækja í vinstribeygjustraumi fer yfir

ákveðin mörk eru settar varðar vinstribeygjur. Það er þó auka fasi og minnkar afkastagetu gatnamótanna, t.a.m. fá gangandi og hjólandi minni græntíma. Umferðarljós í borginni eru þó auðvitað til stöðugar endurskoðunar.

26. gr. [...]

- Ökumaður sem á að veita öðrum forgang skal gefa greinilega til kynna að hann muni veita forgang með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Hann má því aðeins aka áfram að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki miðað við hvar þau eru á vegi og hver fjarlægð þeirra er og hraði.

- Þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum ber honum að veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur svo og gangandi vegfarendum, hjólreiðamönnum og ökumönnum á léttu bifhjóli í flokki I, sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar að fara á. Sama á við um akstur yfir eða af akbraut þar sem eigi eru vegamót.

- Þegar ökumaður ætlar að beygja þvert á hjólarein ber honum að veita forgang umferð hjólreiðamanna á hjólareininni.

- Ökumaður sem nálgast eða ekur inn á vegamót skal haga akstri sínum þannig að hann valdi ekki umferð á veginum sem hann fer yfir óþarfa óþægindum ef hann þarf að nema þar staðar. [...]

27. gr. [...]

- Við gönguþverun þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum skal ökumaður bíða eftir gangandi vegfaranda sem er á gangbrautinni á leið yfir akbrautina þótt umferð sé að öðru leyti heimil í akstursstefnu ökumannsins. Ef gönguþverunin er við gatnamót og ökumaður kemur að henni úr beygju á gatnamótunum skal hann aka hægt og bíða meðan gangandi vegfarandi sem er á þveruninni eða á leið út á hana kemst fram hjá. [...]

Takk fyrir að sýna þessu máli áhuga.

Bestu kveðjur,

Þorsteinn Á. Surmeli / Steini
@surmelism